

taug að sama húsi, greiði húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi.

Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugargjald samkv. reikningi, greiði aðeins mismuninn, ef loftlínu er breytt í jarðstreng. En hús, sem ekki hafa greitt heimtaugargjald, greiði það þegar þau hafa fengið heimtaug sína endurbyggða.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu taugar er lokið og áður en straum er hleypt á heimtaugina.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 50 kr.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandi hefur greitt 50.00 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. SÖLUSKATTUR

7.5% söluskattur er innifalinn í öllum framangreindum verðum.

VI. BREYTINGAR

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka öll gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um sama efni, nr. 165 9. ágúst 1965, ásamt síðari breytingu.

Atvinnuáráðuneytið, 8. febrúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T

um forkaupsrétt Neskaupstaðar að fasteignum í Neskaupstað.

Neskaupstað er áskilinn forkaupsréttur að eftirtöldum fasteignum í Neskaupstað:

Egilsbraut 5 og 7, eigendur Aðalsteinn Halldórsson, Björn Björnsson, Kristján P. Guðmundsson og Sæsilfur hf.

Egilsbraut 6, íbúð Sigurbjargar Þorvarðsdóttur.

Egilsbraut 14 og 16, sjóhús, eigandi Guðrún Eiríksdóttir.

Egilsbraut 18, hjallur, eigandi Pálmar Magnússon.

Hafnarbraut 15, sjóhús, eigandi Guðröður Jónsson.

Hafnarbraut 23, pakkhús, eigandi Jón Karlsson.

Hafnarbraut 25, pakkhús, eigandi Jón Karlsson.

Hafnarbraut 27, sjóhús, eigandi Sveinn Magnússon.
 Hafnarbraut 39, sjóhús, eigandi Hafbjörg h.f.
 Hafnarbraut 51, sjóhús (2), eigendur Þorbergur og Þórður Sveinssynir.
 Hafnarbraut 54 austurendi, eigandi Sparisjóður Norðfjarðar.
 Nesgata 2, sjóhús, eigandi Björn Ingvarsson.
 Nesgata 12, Haugsstaðir, íbúð Sigurjóns Jónssonar.
 Strandgata 3, sjóhús, eigandi dánarbú Ármanns Magnússonar.
 Strandgata 5, Gláðheimur, eigandi dánarbú Ármanns Magnússonar.
 Strandgata 7, skúr, eigandi Jósef Halldórsson.
 Strandgata 11, íbúðarhús, eigandi Stefán Höskuldsson.
 Strandgata 13, sjóhús, eigandi Stefán Höskuldsson.
 Strandgata 17, Nýhöfn, eigandi Guðmundur Bjarnason.
 Strandgata 19, sjóhús og fiskverkunarhús, eigandi Ölver Guðmundsson.
 Strandgata 21, sjóhús, eigandi Gísli Bergsveinsson.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur gert samkvæmt lögum nr. 22 23. júní 1923, öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningardegi hennar að telja og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 8. febrúar 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 37.

22. febrúar 1968.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um bann við veiði smásíldar nr. 7 22. febrúar 1966.

1. gr.

Í stað orðanna: „23 cm“ í 1., 2., 3. og 5. gr. reglugerðarinnar komi orðin: 25 cm.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1968 er óheimilt að veiða meira en 50 þúsund smálestir síldar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi frá línu, sem hugsast dregin í réttvisandi suðaustur frá Eystra-Horni suður um og vestur fyrir að línu, sem hugsast dregin í réttvisandi norðvestur frá Rit. Á tímabilinu frá 1. marz til 15 ágúst 1968 eru síldveiðar þó bannaðar á þessu svæði.

Þrátt fyrir veiðibann samkvæmt 1. mgr. þessa ákvæðis veitir sjávarútvegs- málaráðuneytið, að fengnu álitu Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands, leyfi til veiði síldar á þessu svæði til niðursuðu eða annarar vinnslu til mannelis eða beitu. Leyfi má binda skilyrðum sem nauðsynleg þykja.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. febrúar 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.